

108. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn að heimili formanns 11.04.2018

Mættir: Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Einar Gauti Helgason, Eiríkur K. Aðalsteinsson og Páll Árdal. Fjarverandi eru Helgi Stefánsson og Elvar Birgisson.

- 1. Farið yfir fundargerðir 103.-106.**

Almenn ánægja ríkir hjá nefndarmönnum að sebralínur verði settar á götur hverfisins, að fjölgun gangbrautarkerkja verði við gangbrautir í sumar og lýsingar verði bættar við svo til allar gangbrautir hverfisins. Við gleðjumst yfir meiri öryggi fyrir börn hverfisins.
- 2. Farið yfir fundargerð 107, janúar 2018.**

Að setja upp skilti í Seljahlíðarreitnum er komið inn á lista sérstakra umhverfisverkefna hjá bænum og þökkum við þá samþykkt. Skiltið er tilbúið og beðið er eftir að heyra í Jóni Birgi Gunnlaugssyni, framkvæmdardeild, hvert hann vill fá það. Hann hefur fengið tölvupóst.
- 3. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030**

Hverfisnefnd sendi inn athugasemd varðandi svæði við Glerárskóla sem átti að skilgreina sem byggingarreit og gladdi það nefndina að undir hafi verið tekið með að breyta svæðinu í stofnanasvæði. Einnig setti nefndin inn athugasemd varðandi reit við Kvenfélagsgarðinn, þar sem til stóð að breyta honum í byggingarsvæði, úr grænu svæði en því var ekki eins vel tekið og hinu erindinu. Breyting er þó sú að í deiliskipulagi svæðisins verður sérstaklega hugað að aðkomu að Kvenfélagsreitnum. Við munum fylgjast með því.
- 4. Krossanesbraut- mótmæli íbúa vegna umferðarþunga.**

Skilað var inn til Akureyrarbæjar undirskriftarlista þar sem um 50 manns mótmæltu umferðarþunga og þungaflutningum við brautina. Skipulagsráð vísar málinu til deiliskipulags Holtahverfis, sem er í vinnslu, og mun hverfisnefnd fylgjast vel með því deiliskipulagi. Í kjölfar mótmælalistanna hafði fréttamaður RÚV samband við formann sem vísaði á Eirík Aðalsteinsson, nefndarmann og úr varð blaðagrein sem hverfisnefnd var alveg sáttt með.
- 5. Hrós vegna vetursins.**

Nefndin vill hrósa bæjarstarfsmönnum sem hafa annast moksturinn á göngustígum í hverfinu okkar í vetur. Almennt yfir voru þeir meira eða minna göngufærir.
- 6. Leikskóli**

Nefndinni langar til að heyra hver staða byggingar á leikskóla í hverfinu er.
- 7. Körfuboltaspjöldin í Glerárskóla**

Hverfisnefnd notaði umhverfisfé sem því var veitt 2017 til að kaupa 2 körfur á stöng til að gefa Glerárskóla og munu þær vera komnar upp. Akureyrarbær sá um uppsetninguna og samkvæmt ritara skóla er mikil ánægja meðal skólabarna með körfurnar og þær mikið notaðar.
- 8. Gervigrasvöllur hjá Glerárskóla**

Þessi völlur kom til umræðu hjá nefndarmönnum og þykir mörgum þeirra hann farinn að verða ansi skítugur og farinn að láta á sjá. Því spyrjum við: Hver sér um viðhald vallarins?
- 9. Aðalfundur hverfisnefndar 2018**

Halda skal aðalfund í apríl ár hvert samkvæmt samþykktum félagsins og varð fimmtudagurinn 26.apríl nk valinn. Matsalur Glerárskóla verður fundarsalurinn og verður fundurinn frá kl.20:00 til ca.22:00. Allir sem þetta lesa, eru velkomnir, ásamt öllum hinum. Hugmyndin er að fara yfir hvað hefur verið lagfært og/eða breytt fyrir hverfið okkar, hver er staðan á byggingu leikskóla og hvað er það sem íbúar þess vilja betrumbæta.

Margt fleira rætt en ekki fært til bókunar. Berglind Rafnsdóttir, formaður og ritari.